



**Byggðaráð Blönduósþæjar - 34. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 17. september 2015
og hófst kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Zophonías Ari Lárusson, formaður
Guðmundur Haukur Jakobsson, varaformaður
Hörður Ríkharðsson, varamaður

Fundargerð ritaði: Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósþæjar

Dagskrá:

1. Fundargerð Hafnarsambands Íslands dags. 24. ágúst 2015 - 1509012

Fundargerð Hafnarsambands Íslands frá 24. ágúst 2015 lögð fram til kynningar.

2. Byggðakvóti 2015/2016 - 1509010

Með bréfi Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytisins vill ráðuneytið gefa þæjar-og sveitarstjórnnum kost á að sækja um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2015/2016.

Sveitarstjóra falið að senda inn til ráðuneytisins umsókn um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2015/2016.

3. Markaðsstofa Norðurlands - starf flugklasans Air66N fyrstu 8 mánuði ársins 2015 - 1509013

Markaðsstofa Norðurlands hefur nú um árabil haft umsjón með starfi Flugklasans Air 66 á Norðurlandi. Markmið klasans er að koma á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið um kring til framtíðar. Óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins að verkefninu og framlagi sem nemur 300 kr. á hvern íbúa á ári næstu 2 árin. Byggðaráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2016.

4. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2015 - 1509007

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fer fram 23. september nk. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar mun fara sem fulltrúi Blönduósþæjar.

5.

Önnur mál

Heimsóknir í fyrirtæki - 1509016

Ræddar voru hugmyndir um að byggðaráð heimsækti fyrirtæki á svæðinu. Ákveðið að ráðast í heimsóknir fyrirtækja eftir að fjárhagsáætlunarvinnu er lokið.



Byggðaráð

Lífðiselframleiðsla - 1509017

Sveitarstjóri lagði fram drög að skýrslu EFLU um lífðiselframleiðslu á Blönduósi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:20

<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>